

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna verslunar- og þjónustusvæðis á lóð Hafnarbergs.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. október 2024 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 25. september 2024.

Í breytingunni felst að skilgreint er nýtt 10,8 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP20) og minnkar frístundabyggð (F21) að sama skapi. Gert er ráð fyrir fastri búsetu, 22 gistihúsum fyrir allt að 95 gesti, 2 þjónustubyggingum, veitingastað, tjaldstæði og starfsmannaíbúðum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 29. október 2024.*

**Ólafur Árnason.**

B-deild – Útgáfudagur: 14. nóvember 2024